




Barrtré


Hér eru nokkur tré. Blöðin á þeim líkjast grænum nálum. Þessi blöð heita barrnálar. Tré með barrnálar heitir barrtré. Barrnálarnar falla ekki af barrtrénu á haustin. Barrtré eru græn allt árið (*Ég greini tré*, bls. 9 og *Tré*, bls. 26, Námsgagnastofnun). Lerki er barrtré og eina barrtréd sem fellir barrið á haustin. Á barrtrjám eru fræin í könglum (*Ég greini tré*, bls. 6 og *Tré*, bls. 31, Námsgagnastofnun).



Lerki



Fura



Greni